

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-95/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Z, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi beinir kröfum sínum hins vegar að fyrri eiganda bifreiðarinnar, Y, hér eftir einnig nefndur fyrri eigandi, og krefst þess að sá aðili greiði sér skaðabætur vegna viðgerða á bifreiðinni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 12. desember sl., gaf kæruneftndin seljanda og fyrri eiganda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 26. desember. Engin andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 5. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 2. júlí 2013 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 1.390.000. Var bifreiðin af gerðinni Volkswagen Golf Sportline, árgerð 2006, fyrst skráð hinn 30. nóvember 2005, ekin 89.085 km. Segir álitsbeiðandi að í byrjun ágúst sl., þ.e. um fjórum vikum eftir kaupin, hafi olíuljós í mælaborði bifreiðarinnar kviknað. Ljósíð hafi hins vegar horfið um leið og drepið var á vél bifreiðarinnar og gerði það ekki vart við sig aftur fyrr en í september s.á. Þegar það gerðist setti álitsbeiðandi sig í samband við umboðsverkstæði fyrir bifreiðar af umræddri gerð og fékk þar þau tilmæli að bifreiðin skyldi kyrrsett vegna hættu á að vél hennar bræddi úr sér. Var bifreiðin í um viku á verkstæðinu og undirgekkst þar prófanir og á endanum lagfæringar sem höfðu í för með sér kostnað. Skv. verkstæðinu hafði olíuprýstingur á vél bifreiðarinnar fallið niður fyrir eðlileg mörk. Í kjölfar viðgerðarinnar segist álitsbeiðandi hafa sett sig í samband við seljanda og óskað eftir því að fá kostnað vegna viðgerðarinnar greiddan. Seljandi hafði þá samband við fyrri eiganda sem mun hafa lýst sig mótfallinn því að greiða kostnað vegna viðgerðarinnar, hvort sem var til helminga eða að fullu. Telur álitsbeiðandi eðlilegt að fyrri eigandi greiði viðgerðarkostnaðinn að hluta eða að fullu þar sem hann telur að sú bilun sem upp kom í bifreiðinni hafi verið til staðar talsvert áður en hann keypti bifreiðina og líklega áður en nefndur seljandi keypti hana af fyrri eiganda. Meðfylgandi álitsbeiðni er afrit af kaupsamningi og afsali, dags. 2. júlí sl., afrit af ástandslýsingu seljanda, dags. s.d. og afrit af reikningi vegna viðgerðar á bifreiðinni, dags. 3. október sl. að fjárhæð kr. 74.704.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Hvorki seljandi né fyrri eigandi, hafa sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Kröfugerð álitsbeiðanda er þannig úr garði gerð að álitsbeiðandi hefur kosið að gera ekki kröfu á þann aðila sem seldi honum bifreiðina xx-000, í máli þessu nefndan seljanda, heldur á fyrri eiganda bifreiðarinnar, Y, hér einnig nefnt fyrri eigandi. Slíka kröfu getur álitsbeiðandi almennt gert á grundvelli ákvæða 35. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup en þar segir í 1. mgr. að neytandi geti borið gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegn fyrri söluaðila ef sams konar krafa vegna gallans verður höfð uppi af seljanda eða öðrum sem öðlast hefur hlutinn frá fyrri söluaðila. Ræðst krafa álitsbeiðanda á hendur fyrri söluaðila því á lögskiptum þess aðila við nefndan seljanda. Um þau lögskipti liggja ekki fyrir nein gögn í málinu, þ.e. hvorki kaupsamningur, afsal, né önnur gögn. Að mati kæruneftndarinnar er mál þetta því ekki nægjanlega upplýst í skilningi 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa til þess að nefndin geti veitt álit í málinu. Verður kæruneftndin því að vísa málinu frá. Álitsbeiðanda er þó bent á að afli hann nauðsynlegra upplýsinga til að styðja kröfu sína gagnvart nefndum fyrri eiganda, eða beinir kröfu sinni að nefndum seljanda, getur kæruneftndin tekið mál hans til meðferðar að nýju.

V

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir